

ÁKVÖRDUN nr. 25/67**frá 22. júní 1967****varðandi reglugerð um framkvæmd 3. mgr. 66. gr. sáttmálans um undanþágu frá fyrirfram veittu leyfi**

HIÐ HÁA YFIRVALD HEFUR,

með hliðsjón af 47., 66. og 80. gr. sáttmálans,

með hliðsjón af ákvörðun nr. 25/54 frá 6. maí 1954 varðandi reglur um beitingu 3. mgr. 66. gr. sáttmálans um undanþágu frá fyrirfram veittu leyfi (*Stjórnartíðindi KSE*, 11. maí 1954, bls. 346 og áfram), eins og bætt var við hana með ákvörðun nr. 28/54 frá 26. maí 1954 (*Stjórnartíðindi KSE*, 31. maí 1954, bls. 381),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Skylt er, samkvæmt 1. mgr. 66. gr. og með fyrirvara um 3. mgr. 66. gr., að fá leyfi hjá hinu háa yfirvaldi fyrirfram fyrir öllum viðskiptum sem gætu leitt beint eða óbeint til samfylkingar fyrirtækja heyrir að minnsta kosti eitt þeirra undir gildissvið 80. gr. Hið háa yfirvald veitir leyfið er um getur í 1. mgr. ef það telur að þau viðskipti sem um ræðir verði ekki til þess að einstaklingar eða fyrirtæki sem í hlut eiga fái með þessu móti vald til að hafa áhrif á samkeppni á hinum sameiginlega markaði eins og skilgreint er í 2. mgr. 66. gr.

Með ákvörðun nr. 25/54 og samþykki ráðsins þar um veitti hið háa yfirvald, í samræmi við 3. mgr. 66. gr., undanþágu frá þeirri kröfu að fá leyfi fyrirfram fyrir tiltekna flokka viðskipta sem leiða til samfylkingar fyrirtækja og, með hliðsjón af stærð eigna þeirra eða fyrirtækjanna sem í hlut eiga og þeirri tegund samfylkingar sem úr verður og, með hliðsjón af öllum fyrirtækjum sem lúta sömu yfirráðum, álíta verður að uppfylli kröfur 2. mgr. 66. gr.

Reynslan hefur sýnt að þörf er á að aðlaga ákvörðun nr. 25/54 með tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa síðan, að því er lýtur að framleiðslumagni, efnahagsskipulagi og markaðs- og samkeppnisskilyrðum. Þetta á einkum við magntakmarkanir og tengsl milli fyrirtækja í bandalaginu og fyrirtækja á öðrum sviðum og verslunarfyrirtækja.

Þegar um ræðir samfylkingar fyrirtækja í kol- og stálframleiðslu ræðst stærð iðnaðarfyrirtækis af magni framleiðslu þess af einstökum vörutegundum. Æskilegt er að setja takmarkanir bæði á magn framleiðslunnar og hlutfall hennar af framleiðslu innan bandalagsins eins og fram kemur í opinberum hagtolum.

Þegar um er að ræða samfylkingu fyrirtækja sem starfa við framleiðslu og fyrirtækja sem ákvæði sáttmálans ná ekki til ber að taka tillit til forréttinda sem fyrirtæki í bandalaginu geta notið í gegnum samfylkingu er tryggir þeim sölu á framleiðsluvörum sínum. Í slíku tilviki telst notkun kola og stáls vera annaðhvort heildarnotkun allra fyrirtækja sem í hlut eiga eða notkun þeirra fyrirtækja sem heyra ekki undir gildissvið sáttmálans en eiga aðild að samfylkingunni.

Meta ber samfylkingar heildsölufyrirtækja sem ákvæði 66. gr. ná til á grundvelli sölu þeirra á kolum og veltu af stáli, sbr. 80. gr.; tengsl sem eru fyrir hendi milli heildsölufyrirtækis og fyrirtækis sem starfar við framleiðslu skulu ekki koma í veg fyrir undanþágu sé um að ræða samfylkingu með öðru heildsölufyrirtæki. Að því er snertir stál ber að takmarka endurteknar samfylkingar og samfylkingar sem ná til fleiri dreifingarfyrirtækja í einu.

Ákveða verður sérstakar takmarkanir á sölu brotajárns.

Yfirleitt má veita samfylkingum framleiðslu- og smásölu- fyrirtækja og dreifingarfyrirtækja og fyrirtækja sem heyra ekki undir gildissvið sáttmálans undanþágu frá þeirri kröfu að fá leyfi fyrirfram.

Þegar um er að ræða samfylkingar sem náðst hafa með yfirráðum yfir hópa fyrirtækja er ekki hægt að setja almenn skilyrði fyrir undanþágu. Af þeim ástæðum ber að láta gildissvið þessarar ákvörðunar ekki ná til þeirra, hvort sem verið er að mynda ný, sameiginleg fyrirtæki eða sameina yfirráð yfir hópum fyrirtækja sem þegar eru fyrir hendi.

Tilkynna ber hinu háa yfirvaldi um allar samfylkingar sem myndaðar eru á hinum sameiginlega markaði fyrir kol og stál, jafnvel þótt þær séu undanþegnar því að fá leyfi fyrirfram á grundvelli þessarar ákvörðunar. Af því leiðir að skylda ber fyrirtæki eða einstaklinga sem hafa náð yfirráðum að tilkynna um allar samfylkingar, enda séu þær ekki að umtalsverðu leyti fyrir neðan þau mörk sem undanþága er miðuð við.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Samfylkingar framleiðenda

Öll viðskipti sem um getur í 1. mgr. 66. gr. og leitt gætu beint eða óbeint til samfylkingar fyrirtækja er starfa að kola- og stálframleiðslu eru undanþegin þeirri kröfu að fá leyfi fyrirfram þegar:

1. Ársframleiðsla allra fyrirtækja, sem eiga aðild að samfylkingunni, á framleiðsluvörum sem tilgreindar eru hér að aftan fer ekki fram úr eftirfarandi mörkum:

a) kol (nettó framleiðsla eftir sigtun og þvott)	10 000 000 tonn
b) eldsneyti framleitt úr kolum	1 000 000 tonn

c) koks	3 000 000 tonn
d) járngrýti (brúttó framleiðsla)	engin takmörk
e) mótað grýti	4 000 000 tonn
f) hrá járn og járnblendi	2 500 000 tonn
g) óunnið stál (venjulegt stál: hleifar, hálfunnar vörur og stál í fljótandi formi)	3 000 000 tonn
h) blendið og óblendið sérstál (hleifar, hálfunnar vörur og stál í fljótandi formi)	200 000 tonn
i) unnar, valsáðar stálvörur, þar með taldar fullunnar vörur	2 400 000 tonn.

2. Ársframleiðsla fyrirtækja, sem aðild eiga að samfylkingunni, af þeim gerðum stálvara sem skráðar eru í viðaukanum við ákvörðun þessa má ekki nema meira en 30% af heildarframleiðslu vara af þessum gerðum í bandalaginu. Ákvarða ber heildarframleiðslu í bandalaginu með hliðsjón af framleiðslutölum sem Hagstofa Evrópubandalagsins gefur út.

2. gr.

Samfylkingar kolaframleiðenda og fyrirtækja sem heyra ekki undir gildissvið sáttmálans

Viðskipti sem um getur í 1. mgr. 66. gr. skulu vera undanþegin þeirri kröfu að fá leyfi fyrirfram ef þau leiða beint eða óbeint til samfylkingar:

- fyrirtækja sem starfa við kolaframleiðslu, og
- fyrirtækja sem heyra ekki undir gildissvið 80. gr. ef annaðhvort:
 - árleg heildarkolanotkun allra fyrirtækja sem aðild eiga að samfylkingunni nemur ekki meira en 5 000 000 tonnum, eða
 - árleg kolanotkun hvers fyrirtækis sem um getur í b-lið er innan við 500 000 tonn.

3. gr.

Samfylkingar stálframleiðenda og fyrirtækja sem heyra ekki undir gildissvið sáttmálans

Viðskipti sem um getur í 1. mgr. 66. gr. skulu vera undanþegin þeirri kröfu að fá leyfi fyrirfram ef þau leiða beint eða óbeint til samfylkingar:

- a) fyrirtækja sem starfa við stálframleiðslu, og
 - b) fyrirtækja sem heyra ekki undir gildissvið 80. gr. ef annaðhvort:
 - ársframleiðsla fyrirtækjanna sem um getur í a-lið fer ekki meira en 20% fram úr því magni í tonnum sem tilgreint er í 1. mgr. 1. gr. fyrir vöruflokkana sem um getur í f- til i-liðar, eða
 - árleg stálnotkun fyrirtækja sem eiga aðild að samfylkingunni fer ekki meira en 50% fram úr framleiðslu þeirra af þessum vöruflokkum. Þó skal einungis taka tillit til þeirra vöruflokka sem skráðir eru í viðauka við þessa ákvörðun þegar um ræðir unnar, valsáðar stálvörur og fullunnar vörur, eða
 - fyrirtæki sem um getur í b-lið nota ekki stál sem hráefni.
2. Ekki ber að telja til stálnotkunar það magn sem notað er við framleiðslu stáls og til að viðhalda byggingum fyrirtækja sem í hlut eiga eða endurnýja þær.

4. gr.

Samfylkingar dreifingarfyrtækja

KOL

1. Viðskipti sem um getur í 1. mgr. 66. gr. skulu undanþegin þeirri kröfu að fá leyfi fyrirfram þegar þau leiða beint eða óbeint til samfylkingar fyrirtækja sem starfa við dreifingu kola en selja ekki til heimilisnotkunar eða handiðnaðar (hér eftir nefnd „dreifingarfyrtækja“) ef árleg heildarsala dreifingarfyrtækja sem eiga aðild að samfylkingunni nemur ekki meira en 2 500 000 tonnum kola.
2. „Heildarsala“ tekur til þess magns sem dreifingarfyrtækja selja fyrir eigin reikning eða fyrir þriðju aðila. Sala til heimilisnotkunar og handverks reiknast ekki með.

5. gr.

STÁL

1. Viðskipti sem um getur í 1. mgr. 66. gr. skulu undanþegin þeirri kröfu að fá leyfi fyrirfram þegar þau leiða beint eða óbeint til samfylkingar fyrirtækja sem starfa við dreifingu stáls en selja ekki til heimilisnotkunar eða handverks (hér eftir nefnd „dreifingarfyrtækja“) ef:

- a) annaðhvort heildarársvelta af stáli — að undanskildu brotajárni — allra dreifingarfyrtækja er aðild eiga að samfylkingunni nemur ekki meira en 60 milljónum reiknieininga; eða
- b) ársvelta af stáli — að undanskildu brotajárni — eins dreifingarfyrtækis sem aðild á að samfylkingunni nemur ekki meira en 10 milljónum reiknieiningum. Þó skulu endurtekin viðskipti af þessu tagi eða viðskipti sem ná til fleiri dreifingarfyrtækja í einu einungis vera undanþegin kröfunni að fá leyfi ef aukning ársveltunnar sem af samfylkingu leiðir nemur ekki meira en 30 milljónum reiknieininga.

2. Viðskipti sem um getur í 1. mgr. 66. gr. skulu undanþegin þeirri kröfu að fá leyfi fyrirfram þegar þau leiða beint eða óbeint til samfylkingar fyrirtækja sem starfa við dreifingu brotajárns ef árleg heildarsala dreifingarfyrtækja sem aðild eiga að samfylkingunni nemur ekki meira en 400 000 tonnum brotajárns.

3. Reikna ber ársveltu með hliðsjón af magni framleiðsluvara sem selt er fyrir eigin reikning og fyrir þriðju aðila. „Heildarsala“ tekur til þess magns sem dreifingarfyrtækja selja fyrir eigin reikning og fyrir þriðju aðila.

6. gr.

Aðrar samfylkingar sem undanþegnar eru þeirri kröfu að fá leyfi

Viðskipti sem um getur í 1. mgr. 66. gr. skulu undanþegin því að fá leyfi fyrirfram þegar þau leiða til samfylkingar:

- fyrirtækja sem starfa við framleiðslu eins og skilgreint er í 80. gr. og fyrirtækja sem selja kol eða stál eingöngu til heimilisnotkunar eða handverks;
- dreifingarfyrirtækja og fyrirtækja sem falla ekki undir 80. gr.

7. gr.

Samfylkingar sem náðst hafa með sameiginlegum yferráðum

1. Ákvæði 1. – 6. gr. skulu ekki gilda um viðskipti sem um getur í 1. mgr. 66. gr. og leiða til samfylkingar:
 - a) annars vegar, nokkurra fyrirtækja þar sem að minnsta kosti eitt starfar við kola- eða stálframleiðslu eða -dreifingu og hafa ekki myndað samfylkingu en ráða, að lögum eða í raun, í sameiningu (sameiginleg yferráð) yfir fyrirtækinu eða fyrirtækjunum í b-lið, og
 - b) hins vegar, eins eða fleiri fyrirtækja sem framleiða, dreifa eða vinna kol eða stál sem hráefni.
2. Ákvæði 1. mgr. gilda ef samfylking verður til úr sameiginlegri stofnun nýs fyrirtækis eða þegar náðst hafa sameiginleg yferráð í starfandi fyrirtæki.

8. gr.

Almenn ákvæði

1. Þegar ákvæðum 1. – 5. gr. er beitt skal hafa hliðsjón af meðal árstölum yfir framleiðslu, notkun, veltu og sölu undangengin þrjú fjárhagsár áður en til samfylkingar kom.
2. Sé um að ræða fyrirtæki sem starfað hafa um skemmri tíma en þrjú ár skal nota árleg meðaltöl fyrir framleiðslu, notkun, veltu og sölu síðan fyrirtækin voru stofnuð.

9. gr.

1. Þegar ákvæðum 1. – 7. gr. er beitt skal taka tillit til allra fyrirtækja og viðskipta sem þegar lúta sömu yferráðum eða lytu sömu yferráðum ef af samfylkingu yrði.

2. Viðskipti í skilningi 1. mgr. 66. gr., sem nokkur ákvæði 1. – 6. gr. að framan taka til, skulu einungis vera undanþegin þeirri kröfu að fá leyfi fyrirfram ef þau uppfylla skilyrði allra viðeigandi greina.

10. gr.

1. Um viðskipti sem um getur í 1. mgr. 66. gr. og undanþegin eru þeirri kröfu að fá leyfi skv. 1. – 5. gr. ber að tilkynna hinu háa yfirvaldi innan tveggja mánaða frá því að til samfylkingar kom.

Fyrirtækjum eða einstaklingum sem náð hafa yferráðum ber að senda tilkynninguna.

Í tilkynningunni skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- lýsing á viðskiptum sem leiða til samfylkingar;
- lýsing á fyrirtækjum sem samfylkingin nær til, beint eða óbeint;
- áætlaðar tölur um framleiðslu, sölu eða notkun kola og stáls hjá fyrirtækjunum í samfylkingunni.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um samfylkingar sem ná ekki helmingnum af þeim viðmiðunartölum sem tilgreindar eru í 1. – 5. gr. ákvörðunar þessarar sem skilyrði fyrir undanþágu frá kröfunni að fá leyfi.

11. gr.

Þessi ákvörðun skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*. Hún öðlast gildi 15. júlí 1967.

Ákvarðanir nr. 25/54 og 28/54 falla úr gildi sama daginn.

Ákvörðun þessi var rædd og samþykkt af hinu háa yfirvaldi á fundi þess 22. júní 1967.

Fyrir hönd hins háa yfirvalds,

A. COPPÉ

varaforseti.

VIDAUKI

(2. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 3. gr.)

Efni í varanlegar járnbrautir
Þilstál
Sperrur búnar víðum flönsum
Próflar, meira en 80 mm að hæð og ómegapróflar
Rör, hringlögðuð eða ferköntuð
Virstengur í vafningum
Verslunarstál
Alnotaplötur
Gjarðajárn og heitvalsað rörjárn
Heitvalsaðar plötur 4,76 mm eða meira á þykkt
Heitvalsaðar plötur frá 3 – 4,75 mm á þykkt
Heitvölsuð þil innan við 3 mm á þykkt
Vafningar (fullunnir)
Kaldvölsuð þil innan við 3 mm á þykkt
Gjarðajárn, kaldvalsað, til nota í blikkplötur
Blikkplötur
Óhúðað eða emalérað stál
Sink- eða blýhúðuð þil og önnur húðuð þil
Stál til nota í rafmagnsvörur
